

MATARHLÉ

Það er Brynjar Karl Óttarsson grunnskólakennari við Giljaskóla sem sér um Matarhléið að þessu sinni. Hann býður upp á uppskrift af hollum og góðum rétti sem á sérstaklega vel við í skammdeginu. Rétturinn heitir því skemmtilega nafni Rupert.

Brynjar Karl skorar á Þorvald Þorvaldsson, aðstoðarleikskólastjóra á Sunnubóli, að sjá um Matarhléið í næsta tölublaði.



Rupert - hollur og góður

Hráefni: Aðferð:

Ólífulóía
2 eggaldin
1 blómkálshaus
2 stórar kartöflur eða ein stór sæt kartafli
1 rauð paprika
1 stór laukur
3 hvítlauksgeirar
salt og svartur pipar
2 bollar grænmetis- eða kjúklingasoð
2 kúffullar msk. Curry Paste
1 bolli grænmetissoð
1/2 bolli Mango Chutney
1 dolla kjúklingabaunir
1 dós tómatar, gott að hafa t.d. roasted garlic frá Hunt's.

Allt grænmeti er saxað í munnbita. Steikið eggaldinið í ólífulóíunni, bætið út í blómkáli og kartöflum. Steikið í 5 mínútur. Bætið afgangnum af grænmetinu við og látið malla í 5 mínútur. Þá er bætt við 2 bollum af grænmetis- eða kjúklingasoði og einni dós af tómötum. Þetta er látið malla í um 10-15 mínútur. Á meðan er Mango Chutney, curry paste og 1 bolli af grænmetissoði skellt í blandarann og maukað saman. Þessu er síðan hellið varlega út í pottinn og kjúklingabaunum bætt út í. Rétturinn er látinn ná suðu þannig að kjúklingabaunirnar verði heitar í gegn. Rétt áður en rétturinn er borinn fram er gott að setja handfylli af spinati yfir. Með þessu er gott að borða Naan brauð.

Verði ykkur að góðu!

GOTT AÐ VITA

Persónuuppbót er greidd í desember ár hvert. Starfsmaður í fullu starfi fær greidda fulla persónuuppbót skv. viðkomandi kjarasamningi en með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár.

Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfelld a.m.k. frá 1. september það ár. Hefji starfsmaður störf eftir 1. september á viðkomandi ekki rétt á persónuuppbót frá nýjum atvinnurekanda.

Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu, en hafði þá starfað samfelld í a.m.k. 6 mánuði skal einnig fá greidda persónuuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Hlutfallið er reiknað sem hlutfall af fullri vinnu (100%) í 12 mánuði á almanaksárinu af síðast gildandi persónuuppbót.



Frá sýningunni MATUR-INN 2007 sem haldin var í Verkmenntaskólanum á Akureyri helgina 12.-14. október. Talið er að um 10 þúsund manns hafi heimsótt sýninguna og eru aðstandendur afar ánægðir með hvernig til tókst.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LIFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Ritnefnd: Fjóla Björk Jónsdóttir, Jón Birgir Gunnlaugsson,

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir og Þórgnýr Dýrfjörð

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNKA

5. tbl. 2. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Nóvember 2007

HAK fær viðurkenningu framkvæmdastjórnar

Stjórnendur og starfsmenn Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri hlutu árlega viðurkenningu framkvæmdastjórnar Akureyrarbæjar, fyrir góðan rekstur og framsækna þjónustu við bæjarbúa.

Í rökstuðningi segir að heilsugæslustöðin hafi á landsvísi skarað fram úr sambærilegum stofnunum hvað varðar nýjungar í starfsemi. Hún hafi einnig lagt sig fram um að vinna með öðrum deildum bæjarins að verkefnum sem horfa til frambara fyrir bæjarbúa í lýðheilsu. Það sýni frumkvæði, framsýni, kjark og samstarfsvilja stjórnenda og starfsmanna sem hafi skilað sér til bæjarbúa með ýmsu móti.

Akureyrarbær hefur undanfarin 10 ár rekið HAK samkvæmt samningum við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Í rökstuðningi segir ennfremur að rekstur HAK hafi verið innan ramma fjárveitinga frá ráðuneytinu og hafi þannig sýnt ábyrga fjármálastjórn og gott eftirlit með allri starfsemi. Gott aðhald hafi verið á rekstri án þess að það hafi bitnað á þjónustu við íbúa. Öll vinna og skil á gögnum vegna fjárhagsáætlunargerðar hafi líka verið til fyrirmyndar.

Að öllu samanlögðu telur framkvæmdastjórnin starfsfólk heilsugæslustöðvarinnar vel að viðurkenningunni komið og er þess fullviss að áframhald verður á þessu góða starfi.



GAMLA MYNDIN



Þá að myndagetrauninni sívinsælu, sem að venju er unnin í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri. Að þessu sinni er spurningin þessi:

Hvað heitir húsið sem verið er að rífa, á myndinni hér að ofan?

Sendið okkur svar á netfangið akureyri@akureyri.is. Í verðlaun fyrir rétt svar eru tveir miðar hjá Leikfélagi Akureyrar en vinningshafni getur valið á milli sýninganna Ökutími, Fló á skinni eða Dubbeldusch.



Í síðasta tölublaði birtum við mynd af leikvellingum við Helgamagrastræti. Myndin var tekin árið 1962 en ljósmyndari er óþekktur. Allmörg rétt svör bárust en hins vegar voru þó nokkrir sem sögðu að þetta væru leikvellingir við Lækjargötu eða Löngumýri. Vinningshafinn er að þessu sinni Lovísa Jónsdóttir starfsmaður leikskólans Tröllaborga, en nafn hennar var dregið úr réttum lausnum. Hún fékk að launum veglega bók um Óla G. Jóhannsson myndlistarmann.



Lovísa ásamt nokkrum hressum krökkum á deildinni Hvammi á Tröllaborgum.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARF Á VEGUM AKUREYRARBÆJAR



Akureyrarbær rekur í vetur fjórar félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglinga. Í haust var farið af stað með tilraunaverkefni þess efnis að færa félagsmiðstöðvar úr þremur skólum yfir í Rósenborg möguleikamiðstöð. Segja má að þar sé nú miðstöð óformlegrar menntunar á Akureyri.

Alfa Aradóttir forstöðumaður félagsmiðstöðva segir að sameiningin hafi breytt aðstæðum félagsmiðstöðvanna mikið til hins betra. „Það skapaði tækifæri til að þjappa saman og stækka stöðugildi sem þýðir að við getum tekið að okkur fleiri verkefni og aukið fagmennsku í starfsmannahópnum. Í haust gátum við því boðið upp á fjölbreytt úrval af klúbbum og hefur ásókn í þá verið framar öllum okkar vonum.“ Hún segir að unglingar séu kraftmiklir og skapandi með ríka athafnaþörf. Með þessari breytingu hafi tengslin við grunnskólana styrkst og verið sé að skoða enn frekari tækifæri.

„Við lítum á starfið sjálft sem forvarnarstarf í víðum skilningi og það eitt að geta unnið að uppbyggilegum og skemmtilegum verkefnum undir handleiðslu hæfs fullorðins einstaklings er forvörn“, segir Alfa.

ÞJÓNUSTUNÁMSKEIÐ



Í vetur verður á ný boðið upp á þjónustunámskeið, sérsniðið fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar. Námskeiðin eru eins og í fyrra, skipulögð af starfsfólki Akureyrarbæjar í samvinnu við Símei.

Í stefnu Akureyrarbæjar s.s. í starfsmannastefnu og í starfsáætlun kemur víða fram að bærinn vilji veita góða þjónustu og að starfsmenn bæjarins eigi stóran þátt í hvernig til tekst. Þeir eru andlit bæjarins gagnvart þeim sem þjónustunnar leita og njóta. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að efla samkennd starfsmanna alls bæjarkerfisins, fræðslu og umræðu um góða þjónustu og framkomu og einnig um samkennd og starfsanda á vinnustað. Hvatt er til þess að áfram verði unnið með efni námskeiðsins á hverjum vinnustað.

Hugmyndin er að 5 hópar taki þátt nú í nóvember og aðrir 5 eftir áramót. Vinnustaðir og deildir geta sótt um þátttöku og hefur boð um það þegar verið sent út.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, er í nærmyndinni hjá okkur að þessu sinni. Margir kannast eflaust við kappann en til að kynnst honum betur lögðum við nokkrar spurningar fyrir hann.

Hvað ertu að gera í vinnunni? Við erum að undirbúa veturinn, klára öll sumar og haustverkin. Svo styttist í að það fari að kólna þannig að við getum farið að framleiða snjó. Við stefnum á að geta opnað í Hlíðarfjalli um mánaðarmótin nóvember, desember.

Er gaman í vinnunni? Já, það er oftast mjög gaman í vinnunni.

Hvað er það skemmtilegasta við vinnuna? Samstarfsfólkið og allur sá fjöldi sem kemur í Hlíðarfjall. Einnig finnst mér fjölbreytileikinn í veðrinu skemmtilegur.

Hvaðan ertu? Fæddur í Reykjavík, ólst upp á Egilsstöðum og Garðabæ.

Af hverju býrðu á Akureyri? Hlíðarfjall togaði og konan er innfæddur Akureyringur.

Fjölskylduhagir? Kvæntur og á þrjú börn.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Tilgerð hjá fólki.

Uppáhaldstónlist? Gamla góða rokkið, t.d. Pink Floyd í bland við það nýja.

Hvaða bók lastu síðast? John Daly, In and out of the rough.

Uppáhaldsmatur? Flestallur matur sem konan mín eldar og lærið hennar mömmu.

Uppáhaldsdrykkur? Einn kaldur.

Einráður á Akureyri? Trúi frekar á lýðræðið.